

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald á árinu 1985 skal vera kr. 1 500,00 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð b í samþykkt nr. 349/1977, um hundahald í Ólafsfirði.

2. gr.

Handsömunargjald samkv. 2. gr. samþykktar nr. 349/1977 skal vera kr. 1 500,00.

3. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að tvístefnuakstur verði á Hafnarstræti milli Austurbrúar og Hafnarstrætis nr. 77.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 17. apríl 1985.

Eliás I. Eliasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Gullinbrú veri aðalbraut.
2. Umferð um Þorfinnsgötu víki fyrir umferð um Eiríkisgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. apríl 1985.

Sigurjón Sigurðsson.